

Úrskurðarorð:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 1. júní 1982.

Nr. 133/1979. **Félagsheimilið Stóra-Ási**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Þorsteini Theódórssyni

(Skúli Pálmason hrl.).

Ömerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og meðdómendurnir Jón Ágúst Guðmundsson byggingaverkfræðingur og Óli Jón Gunnarsson byggingatæknifræðingur, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 51.954.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. október 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags

auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi naut gjafsóknar í héraði samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 7. maí 1976, og nýtur gjafsóknarkjara í Hæstarétti samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 8. desember 1981.

Til vara krefst áfrýjandi lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram hinn 16. janúar 1979, en dómur var kveðinn upp 21. apríl s. á. Með þessum drætti á dómsuppsögu hafa héraðsdómendur brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, þá er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 16. janúar 1979 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 16. janúar 1979 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómi að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Guðmundar

Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

21. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., hefur Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Félagsheimilisins Stóra-Ási, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 26. nóvember 1976, gegn Þorsteini Theódórssyni byggingameistara, Kjartansgötu 3, Borgarnesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5.195.400 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi nýtur gjafsóknarkjara samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. maí 1976.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 152.400, sem skuldajafnað verði við skuld stefnanda við stefnda.

Undir rekstri málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni, og endanlegar dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5.195.400 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Málavöxtum er þannig lýst af hálfu stefnanda, að árið 1971 hafi stefndi verið ráðinn byggingameistari að byggingu félagsheimilis að Stóra-Ási í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Húsið skyldi gert fokhelt sumarið 1972. Húsið var uppsteypt í byrjun nóvember 1972. Þar eð áliðið var hausts, var ákveðið að fresta ásetningu þaks og ísetningu glugga til vors 1973. Þegar mót voru tekin af húsinu í desember 1972, komu í ljós verulegir steypugallar. Steypuskil voru illa steyppt. Víða í veggjum var steypuhröngl. Á nokkrum stöðum í norðausturhlið var steypan léleg. Allvíða voru kantar skemmdir og hrönglaðir. Þá vantaði í grunn 3 frárennslisrör fyrir niðurföll af þaki og skyggni. Gert

hafði verið ráð fyrir, að húsið yrði ekki múrhúðað að utan, heldur aðeins kústað og málað.

Í júní 1973 skýrði stefndi stefnanda frá því, að hann treysti sér ekki til að vinna neitt við húsið sumarið 1973, og bar við manneklu. Stefndi gaf bygginguna endanlega frá sér í september 1973. Stefndi hafði ætlað að gera við gallana, en það dróst, að hann hæfist handa. Hafði verið ráðinn annar byggingameistari til þess að gera húsið fókelt. Var það gert í samráði og með samþykki stefnda. Vegna hinna umræddu steypugalla varð að hverfa að því ráði að múrhúða húsið, sem hafði mikinn aukakostnað í för með sér. Stefndi hafi tafið mjög verkið með seinagangi sínum, sífelldum undanslætti og loforðum, sem brugðust. Þessi töf á byggingarframkvæmdum hafi leitt til aukakostnaðar við bygginguna.

Stefnandi fékk dómkvadda menn til að skoða byggingargallana og meta til peningaverðs, hvað kostaði að bæta úr þeim. Auk þess áttu matsmenn að meta til peningaverðs þann aukakostnað, sem stefnandi kynni að hafa af því að múrhúða húsið í stað þess að kústa það. Þá var arkitekt hússins fenginn til að meta til peningaverðs það tjón, sem stefnandi varð fyrir af völdum seinagangs við bygginguna. Dómkvöddu matsmennirnir skiluðu 2 mötum, dags. 29. október 1973 og 23. ágúst 1974. Arkitektinn skilaði sínu mati í maí 1975. Samkvæmt þessum mötum er tjón stefnanda metið samtals kr. 5.195.400, sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Stefndi mótmælti mati arkitektsins í greinargerð sinni, dags. 15. febrúar 1977, og voru á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dómkvaddir matsmenn til að meta kostnaðarauka, sem leitt hafði af verktöfum við byggingu Félagsheimilisins að Stóra-Ási. Matsmenn skiluðu mati, dags. 17. júní 1978, og nam kostnaðaraukinn skv. mati þeirra kr. 1.753.309, en mat arkitektsins á sama hafði numið kr. 4.538.000.

Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæðina þannig:

1. Viðgerð á steypugöllum kr. 152.400
2. Kostnaður við múrhúðun — 505.000
3. Bætur vegna tafa á verkinu .. — 4.538.000

Samtals kr. 5.195.400

UM 1.

Stefndi viðurkennir að bera ábyrgð á steypugöllum og hefur frá upphafi boðist til að greiða kostnað við lagfæringu þeirra.

UM 2.

Stefnandi kveður múrhúðun eingöngu hafa komið til vegna hinna miklu steypugalla og beri stefnda því að greiða kostnað vegna hennar.

Stefndi hefur mótmælt því alfarið og bent á, að teikningar þær af húsinu, sem hann hafi fengið í hendur, hafi gert ráð fyrir því, að húsið yrði múrhúðað, og hafi hann hagað framkvæmdum sínum í samræmi við það. Allt önnur vinnubrögð séu viðhöfð við mótauppslátt, ef sleppa eigi múrhúðun og eins hafi þá þurft að vanda betur val steypuefnis.

UM 3.

Stefnandi byggir kröfur sínar um skaðabætur vegna verktafar á því, að húsið hafi verið haldið steypugöllum, sem stafi af gáleysi stefnda og manna hans. Stefndi hafi ekki staðið við samning aðilja, en hafi sagt sig frá verkinu og skilað lélegu verki og beri hann ábyrgð á göllum á húsinu og afleiddu tjóni af því, þ. m. t. verktöfum, og telur, að beita eigi ákvæðum Íslensks staðals, ÍST 30, í skiptum aðilja.

Mótmæli sín gegn þessum lið kröfu stefnanda byggir stefndi á því, að hann hafi tekið að sér að reisa umrætt hús og gera það fokhelt. Framkvæmdir hafi hafist vorið 1972. Hann hafi tekið að sér verkið án nokkurra skuldbindinga um framkvæmdahraða. Í nóvembermánuði 1972 hafi húsið verið uppsteypt, en eftir hafi verið að ganga frá þaki, til þess að það teldist fokhelt. Hafi aðiljar þá orðið ásáttir um að fresta frekari framkvæmdum til næsta vors. Sumarið 1973 hafi verið erfitt að fá smíði til starfa og hafi stefndi ekki fengið smíði til að setja þak á húsið, en fyrirhugað hafi verið að gera það fokhelt árið 1973. Það hafi tekist og því hafi engar tafir hlotist á því ári.

Formaður byggingarnefndar Félagsheimilisins í Stóra-Ási, Guðlaugur Torfason, kom fyrir dóm og kvað samninga við stefnda hafa verið munnlega og hafi það verið skilningur sinn, að stefndi stæði fyrir byggingunni, þar til henni yrði að fullu lokið, þ. e. réði að henni pípulagningamenn, múrara o. s. frv., þegar þar að kæmi. Hann kvað stefnda hafa boðist til að framkvæma viðgerð á steypugöllum þeim, sem fram komu í byggingunni. Vorið 1973 hafi byggingarnefndin síðan átt von á því, að stefndi héldi áfram byggingunni, en í byrjun júní hafi hann tjáð byggingarnefndinni, að hann hefði ekki menn til verksins. Nefndin hafi samt átt von á því, að hann léti framkvæma viðgerð á steypu-

göllum, en þegar sú viðgerð var ekki hafin í byrjun júlí, hafi verið óskað eftir mati dómkvaddra manna til að meta steypugallana. Í september hafi það síðan orðið að samkomulagi við stefnda, að heimamenn framkvæmdu viðgerðina, en haldið hafi verið eftir af greiðslum til stefnda kr. 300.000 frá árinu áður, sem ganga áttu upp í kostnað við að bæta úr steypugöllum. Hann kvað síðan hafa verið ákveðið að láta húsið standa án frekari framkvæmda til vors 1974 til að sjá, hvort viðgerðin hefði heppnast, en um veturinn hafi komið í ljós, að veggir láku og þurftu því frekari viðgerðar við. Hann kvað Jakob Magnússon, Samtúni, hafa aðallega séð um viðgerð á steypugöllum og kveðst telja, að hann hafi ekki réttindi sem múrari, en hafi tekið að sér múrverk árum saman. Mættur (sic) kvað standa á teikningum af húsinu, að múrhúða ætti það að utan eða rappa, en kvað fljótlega hafa komið upp um það raddir í byggingarnefndinni að hætta við múrhúðun hússins og hafi það verið rætt við arkitektinn. Hann kvaðst ekki geta fullyrt um, hvort þessi hugmynd var rædd við stefnda. Hann kvað hafa verið rætt við stefnda um að gera húsið fokhelt 1972, en hugmyndin hafi verið að byggja sem hraðast, en hann kvaðst ekki þora að fullyrða, að önnur tímamörk hafi verið rædd við stefnda. Mætti (sic) kvað byggingu hússins ekki lokið enn, eftir sé að vinna við raflögn, innréttingar í eldhús og við sviðsbúnað. Hann kvað húsið hafa verið tekið í notkun vorið 1977.

Arkitekt hússins, Ólafur Kr. Sigurðsson, kom fyrir dóm. Hann kvað í upphafi hafa verið fyrirhugað að múrhúða húsið að utan en síðar hafi komið fram óskir heimamanna um, að því yrði breytt. Hann kvað sérstaklega aðspurður það vera venju að gera ráð fyrir því fyrirfram, þ. e. áður en uppsláttur hefst, ef ekki á að múrhúða húsbyggingar, þar sem þá þurfi að vanda uppslátt sérstaklega, en reikna megí með, að hús séu svo vel uppsteypt, að óhætt sé að sleppa múrhúðun með tilliti til þess, að húsið haldi vindi og vatni.

Stefndi kom fyrir dóm. Hann kvaðst hafa tekið að sér að gera umrætt hús fokhelt, en um engan ákveðinn framkvæmdahraða hafi verið rætt, enda kveðst hann þá hafa óskað eftir, að lögð yrði fram fjármögnunaráætlun af hálfu stefnanda. Hann kvaðst ekki hafa heyrt fyrr en á fundi í júní 1973, að ekki ætti að hraunhúða húsið að utan. Hann kvaðst í september 1973 hafa munnlega sagt sig frá verkinu sem meistari, en síðan hafi hann gert það skriflega um áramótin 1973/1974. Hann kvaðst hafa gert

ráðstafanir til að láta gera við steypugalla þá, sem fram komu á húsinu, og til þess hafi hann ráðið Geir Þorleifsson múrara-meistara, Borgarnesi. En um sama leyti hafi hann frétt, að byggingarnefndin hefði óskað eftir mati dómkvaddra manna á göllumunum, og hafi hann þá hætt við að láta framkvæma viðgerðina og hafi heimamenn séð um hana ófaglærðir og sé það kannski skýringin á leka, sem talið er, að komi fram víða í húsinu. Hann kvaðst hafa haft í huga, þegar hann lauk verkþætti í árslok 1972, að byrja aftur að vori, en kvaðst hafa tilkynnt byggingarnefnd það á fundi 1. júní 1973, að hann hefði ekki menn til verksins, og eftir það hafi ekki verið rætt við hann um framhald verksins né hann gefið neinn ádrátt þar um fyrr en í september, er hann sagði sig frá verkinu. Hann kvaðst sérstaklega aðspurður hafa litið á sig sem verktaka í sínu fagi, en ekki sem byggingameistara. Það hafi Guðlaugur Torfason verið að hans mati.

Dómurinn lítur svo á, að ósannað sé í máli þessu, að stefndi hafi tekið að sér annað en að gera umrætt félagsheimili fokhelt og að um engan ákveðinn framkvæmdahraða hafi verið samið.

Verða nú kröfur stefnanda teknar fyrir í sömu röð og hér að framan.

1. VIÐGERÐ Á STEYPUGÖLLUM,

KR. 152.400.

Krafa þessi er viðurkennd og verður því tekin til greina að fullu.

2. KOSTNAÐUR VIÐ MÚRHÚÐUN,

KR. 505.000.

Upplýst er í málinu, að á teikningum, sem stefndi fékk til að vinna eftir, er gert ráð fyrir, að húsið verði múrhúðað að utan. Þetta hafði í för með sér, að hann hagaði framkvæmdum sínum í samræmi við það. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að nauðsynlegt hefði verið fyrir stefnda að vita um það fyrirfram, ef sleppa átti múrhúðun að utan, og einnig hefði þá verið full ástæða til að vanda betur val steypuefnis. Með hliðsjón af framansögðu verður krafa þessi ekki tekin til greina.

3. BÆTUR VEGNA TAFI Á VERKINU,

KR. 4.538.000.

Kröfur sínar um bætur samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á þeirri forsendu, að byggingartími hússins hafi verið fyrir-

hugaður 4 ár, og hafi sú áætlun raskast vegna viðgerða á steypuskemmdum, sem stefndi bar ábyrgð á. Dómurinn lítur svo á, að stefndi hafi tekið umrætt verk að sér án skuldbindinga um framkvæmdahraða, og telur ekki hægt að leggja til grundvallar þá forsendu, sem byggingarnefnd gefur sér um 4 ára byggingartíma, þegar af þeirri ástæðu, að byggingu hússins er enn ekki lokið vorið 1979, sjö árum eftir að framkvæmdir hófust. Stefnandi réð ófaglærða menn til viðgerða á steypuskemmdunum, og mistókst sú viðgerð að verulegu leyti í fyrstu og orsakaði töf á verkinu.

Stefndi hafði gert ráðstafanir til að fá faglærðan mann til að annast viðgerð á steypuskemmdum, en hætti við að láta hann framkvæma viðgerð, þegar stefnandi bað um mat dómkvaddra manna á þeim.

Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn, að stefnanda hafi ekki tekist að færa fullnægjandi sönnur fyrir því, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á meintum verktöfum, sem orðið hafa við byggingu Félagsheimilisins að Stóra-Ási, og verður því bótakrafa stefnanda samkvæmt þessum lið ekki tekin til greina.

Byggingarnefnd félagsheimilisins hélt eftir af greiðslum til stefnda kr. 190.293.80 vegna væntanlegrar viðgerðar á steypugöllum. Hinn 1. mars 1977 setti stefndi fram kröfu um skuldajöfnuð, og þykir bera að taka þá kröfu til greina, og verða vextir ekki dæmdir, þar sem kröfurnar verða til á svo til sama tíma.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi greiði stefnanda kr. 152.400, og skal sú fjárhæð dragast frá skuld stefnanda við stefnda, eins og hún var 1. mars 1977.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málsóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar, kr. 200.000, greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði samkvæmt reikningi, kr. 681.839.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mjög mikilla anna dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Theódórsson, greiði stefnanda, Félagsheimilinu Stóra-Ási, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu, kr. 152.400. Fjárhæð þessi skal dragast frá skuld stefnanda við stefnda, eins og hún var 1. mars 1977.

Málskostnaður falli niður, en málsóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar, kr.

200.000, greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði, kr. 681.839.

Fimmtudaginn 3. júní 1982.

Nr. 128/1982. Ákærvaldið

gegn

Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. f. m., sem barst Hæstarétti 2. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að kærði Þorsteinn Þórður Sigurðsson, fæddur 22. október 1945, atvinnulaus, með lögheimili að Kaplaskjólsvégi 54 í Reykjavík, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 9. júní nk., kl. 1700.